

L Ö G

um breyting á lögum nr. 102 23. júní 1936, um landssmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. 1. málsg. laga nr. 102/1936 orðist svo:

Landssmiðjan greiðir fasteignaskatt samkv. II. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga svo og landsútsvar samkv. IV. kafla sömu laga, en hún greiðir hvorki aðstöðugjald né útsvör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, þó svo, að ákvæðið um landsútsvar komi fyrst til framkvæmda á árinu 1963.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands hf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 3. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð allt upp í 10 milljón krónur, og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 18. apríl 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.